

5. október 2021

Skólaráð: mætt Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda H fulltrúi kennara, Vordís Heimisdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Geirný Geirsdóttir fulltrúi foreldra, Hámundur framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Nadía Líf fulltrúi nemenda og Kristín Arna fulltrúi nemenda

1. Ásgerður fór yfir fundarplan skólaársins, fundarplan skólaráðs og hlutverk þess.
2. Guðný fór yfir starfsáætlun skólaársins 2021-2022, rætt um atriði sem þarf að bæta við s.s. upplýsingar um frístundabílinn og frístund fyrir nýja nemendur að hausti. Verður því bætt við. Starfsáætlun borin upp til samþykktar og undirskrift fundarmanna.
3. Ásgerður fór yfir hvernig skólabyrjun hefur gengið. Fór yfir Covid smit í haust, mönnun starfsmanna gekk vel, framkvæmdir á skrifstofurými hafa tafist og ástæða þess m.a. þar sem fannst mygla og einnig ýmsar aðrar ástæður.
4. Ásgerður fór yfir áherslur skólaársins sem eru:
  - a. Heilsueflandi grunnskóli
  - b. Bekkjarandi og bekkjarbragur
  - c. Lestur og lestraráhugi – verkefnið Skólaslit
5. Önnur mál
  - a. Rætt um ósk til lögreglu um að hafa einstefnuakstur á Norðurstíg og Þórustíg við skólabyrjun
  - b. Spurning varðandi dag fyrir árshátíð, af hverju hún er alltaf á fimmtudegi en ekki föstudegi
  - c. Foreldrafélagið tilbúið til að kaupa hrekkjavökudót til að skreyta salinn
  - d. Rætt um hugmyndir varðandi endurhönnun á skólalóðinni og Padlet veggur með hugmyndum nemenda og starfsmanna skoðaður